

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 14. janúar 2019 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Kristján Þór Magnússon, og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð. Sigurður Þór Guðmundsson og Elías Pétursson boðuðu forföll.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

## 1. Erindi Umhverfisstofnunar vegna tilnefningar sveitarfélaganna í vatnasvæðanefnd

Umhverfisstofnun hefur með bréfi til sveitarfélaganna dags. 14. desember sl. óskað eftir sveitarfélögin tilnefni fulltrúa umhverfis- eða náttúruverndarnefndar í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Er sveitarfélögum heimilt að sameinast um fulltrúar þar sem mörk vatnasvæðanefnda ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag.

Með vísan til erindis Umhverfisstofnunar samþykkir framkvæmdastjórn að leita eftir tilnefningum frá Náttúruverndarnefnd Þingeyinga til setu í vatnasvæðanefnd. Er framkvæmdastjóra falið að koma þeirri ósk til nefndarinnar með ósk um að tilnefning berist sem fyrst í ljósi þeirra tímamarka sem gefin eru í bréfi Umhverfisstofnunar.

## 2. Mál frá fulltrúaráði

- a) **Erindi HSP vegna skipulags íþróttastarfs í héraði.** Á fundi fulltrúaráðs 31. okt. sl. var samþykkt að komið verði á sameiginlegum umræðuvettvangi sveitarfélaganna og HSP um málið þar sem sjónarmið einstakra félaga verði einnig tryggð. Var málinu vísað til framkvæmdastjórnar til frekari útfærslu. Samþykkt að boða fulltrúa HSP og eftir atvikum einstakra félaga til umræðu um málið á næsta fund sem áætlaður er í mars.
- b) **Svæðisskipulag / sameiginleg atvinnustefna.** Fundur fulltrúaráðs 31. okt. ræddi hugmyndir um sameiginlega atvinnustefnu sveitarfélaganna og gerð svæðisskipulags. Að umræðu lokinni var málinu vísað til framkvæmdastjórnar og henni falið að móta tillögur til sveitarfélaganna um samstarf í skipulagsgerðinni og gerð svæðisskipulags sem tæki m.a. á sameiginlegri atvinnustefnu og megin innviðum á svæðinu. Í ljósi þess að sveitarfélögin eru nokkuð misjafnlega stödd hvað varðar aðalskipulagsgerð og uppi er umræða á vettvangi Eyþings um frekari samþættingu í stefnumörkun aðildarsveitarfélaganna, m.a. í formi svæðisskipulags, telur framkvæmdastjórnin ekki tímabært að hefja slíkan feril nú á starfssvæði HNP bs. Hins vegar leggur framkvæmdastjórnin til að aðildarsveitarfélögin komi á formlegum samstarfsvettvangi um skipulagsmál til upplýsingar og eftir atvikum samræmingar í megin málum sem snúa að atvinnustefnu/landnotkun og megin innviðum á svæðinu.
- c) **Samstarf í skipulagsmálum – sameiginlegt útboð.** Eftir að hafa skoðað mögulega samlegð af t.d. sameiginlegu útboði er það niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að takmörkuð samlegð sé af því. Leggur hún því til að einstök sveitarfélög taki sínar ákvarðanir í þeim efnum og t.a.m. hafa Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ákveðið að ráða skipulagsráðgjafa sameiginlega. Að öðru leiti vísar framkvæmdastjórnin til þess sem bókað er undir b) varðandi samstarf sveitarfélaganna í skipulagsmálum.

### 3. Önnur mál

Aðalsteinn J Halldórsson spurðist fyrir um stöðu mála varðandi ormahreinsun hunda í framhaldi af fyrirspurn sem honum barst frá heilbrigðisfulltrúa. Fljótt á litið virðist verkefnið á hendi Matvælastofnunar á grundvelli laga um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerðar um velferð gæludýra 80/2016. Málið rætt og formanni falið að kanna skyldur sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50